

Mál nr. 273/2008

**M
og
vátryggingafélagið X v/ heimilistryggingar.**

Borvélum og hleðslutækjum stolið við innbrot í flugskýli.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 28.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.12.2008.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi þann 17.8.2008 var lögreglunni á Suðurnesjum tilkynnt um innbrot í flugskýli í eigu nánar tilgreindra flugáhugamanna. Hafði þriggja punkta hurð inn í flugskýlið verið brotin eða spennt upp. Við innbrotið mun hafa verið stolið tveimur hleðsluborvélum ásamt hleðslutækjum sem voru í eigu H, eiginmanns málskotsaðila. Af hálfu H er því haldið fram að hann hafi notað tækin heima við, en hann hafi ásamt félögum sínum verið að byggja flugskýlið fyrir áhugamál sitt.

H hefur krafist bóta fyrir borvélarnar og hleðslutækin úr heimilistryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Byggir höfnunin annars vegar á því að tækjunum hafi ekki verið stolið á skráðu lögheimili vátryggingartaka, en vátryggingin taki aðeins til almenns innbús sem er utan lögheimilisins um stundarsakir, sbr. 3. gr. skilmála þeirra sem um vátrygginguna gilda. Tækin hafi verið í flugskýlinu a.m.k. um nótt ef ekki lengur og því verið þar lengur en um stundarsakir eins og áskilið er í skilmálunum. Hins vegar er á því byggt af hálfu X að H sé smiður og að álit þess heyri hinir stolnu munir til verkfæra sem hann noti í atvinnu sinni en ekki sé um hluta af almennu innbúi hans að ræða. Munir af því tagi sem hér um ræðir geti því aðeins fengist bættir úr vátryggingunni að þeir séu á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

Álit.

EKKI er um það deilt að tækjunum var stolið við innbrot í fyrrgreint flugskýli, sem H hafði að áhugamáli að reisa ásamt nokkrum félögum sínum. Borvélar eins og hér um ræðir eru til á mörgum heimilum án þess að þær þurfi að tengjast atvinnustarfsemi hinna vátryggðu. Ekkert er í gögnum málsins sem beinlínis rökstyður það að H hafi notað umræddar borvélar í atvinnu sinni annað en það að hann sé smiður. Með hliðsjón af því sem staðhæft er af hálfu H verður að telja að hinir stolnu munir hafi verið hluti af almennu innbúi H. Ekkert liggur fyrir um það að skilgreint sé eða skýrt frekar í vátryggingarsamningi aðila hvað átt sé við með að vátryggður munur sé um stundarsakir utan hins skráða lögheimilis vátryggðs. Verður því ekki fallist á þá skýringu X að munirnir hafi verið lengur en um stundarsakir í flugskýlinu. Að framangreindu virtu verður telja að þjófnaður á téðum borvélum og hleðslutækjum skuli bætast úr heimilistryggingu H hjá X.

Niðurstaða.

Tjón H bætist úr heimilistryggingu hjá X,.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.